

Fréttatilkynning frá Össuri hf.
Reykjavík, 5. febrúar 2009

Helstu niðurstöður fyrir 2008

- Sala var 350,0 milljónir Bandaríkjadala, jókst um 4%.
- EBITDA var 79,4 milljónir Bandaríkjadala, jókst um 23%.
- EBITDA hlutfall var 23%, samanborið við 19% fyrir sama tímabil í fyrra.
- Hagnaður tímabilsins var 28,5 milljónir Bandaríkjadala, samanborið við 7,6 milljónir á sama tímabili árið 2007.
- Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupréttar var 6,73 bandarísk sent, samanborið við 1,94 sent á sama tímabili í fyrra.
- Hagnaður að viðbættum afskriftum á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttar var 12,3 bandarísk sent, samanborið við 8,24 sent á sama tímabili árið 2007.

Jón Sigurðsson, forstjóri:

„Árið einkenndist af áherslum á innviði fyrirtækisins. Eitt af helstu verkefnum ársins var að auka arðsemi og á sama tíma og við höfum séð minni sölu en gert var ráð fyrir, jókst arðsemin töluvert. Á árinu voru þrettán nýjar vörur kynntar á markaðnum og tuttugu teknar af markaði. Á árinu 2009 eru væntanlegar nýjar og spennandi vörur, en aðal áherslan mun vera á hefðbundnar vörur sem falla að núverandi endurgreiðslukerfum. Fjármálakreppan sem nú ríkir í heiminum hefur haft takmörkuð áhrif á starfsemi félagsins, en það á einnig almennt við um heilbrigðisgeirann. Þegar á heildina er litið teljum við að okkur hafi tekist að byggja upp sterkt fyrirtæki og að leggja góðan grunn að áframhaldandi velgengni.“



Kynningarfundur fyrir fjárfesta í dag 5. febrúar kl. 12:00

Kynningarfundur fyrir hluthafa og markaðsaðila verður haldinn í dag, þann 5. febrúar á Grand Hótel við Sigtún, Reykjavík og hefst kl. 12:00. Þar munu Jón Sigurðsson, forstjóri og Hjörleifur Pálsson, fjármálastjóri, kynna afkomu félagsins og svara spurningum. Fundurinn fer fram á ensku.

Sýnt verður beint frá fundinum á netinu á slóðinni www.ossur.com/investors

Einnig verður hægt að taka þátt í fundinum í síma. Eftirfarandi eru innhringínúmer fyrir fundinn:

Ísland: 800 8660

Evrópa: +44 (0)20 3043 2436

Bandaríkin: +1 866 458 40 87

Kynningarefni verður aðgengilegt á heimasíðu Össurar: www.ossur.com Fréttavef Kauphallarinnar/ Nasdaq OMX: www.omxnordicexchange.com/newsandstatistics/companynotices og á www.huginonline.com



Rekstraryfirlit 2008

Árið einkenndist af innri áherslum. Á árinu 2008 var eitt helsta verkefnið aukin áhersla á arðsemi og innri ferla. Tuttugu vörur voru teknar af markaði og arðsemin aukin verulega. Heildarsala nam 350,0 milljónum Bandaríkjadala og jókst um 4%. Engin fyrirtæki voru keypt á árinu. Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) nam 79,4 milljónum dala sem er 23% og jókst um 15,0 milljónir eða um 23% samanborið við árið 2007.

Söluvöxtur í stoðtækjum heldur áfram og var 9% sem staðfestir sterka stöðu Össurar á þessum markaði og tæknilega forystu. Söluvöxtur í spelkum og stuðningsvörum var 1% og söluvöxtur á vörum til nota við blóðrásarmeðferðir var 5%.

Í mars var sáraumbúðavörulína félagsins seld til BSN medical GmbH. Í ágúst var framleiðslan og lager afhentur í samræmi við samninga og skilaði árangurstengdri greiðslu. Málaferlum sem tengdust sáraumbúðavörulínunni er nú lokið. Heildaráhrif af sölnunni á rekstrarreikning ársins nema 8,4 milljónum Bandaríkjadala, og eru færðar undir liðnum aðrar tekjur.

Gröfin hér að neðan sýna þróun á tímabilinu 2004-2008. Árlegur meðalvöxtur á síðustu fimm árum er 30% og EBITDA hefur aukist verulega.



Rekstrarniðurstöður fyrir 2008

Eftirfarandi eru helstu rekstrarniðurstöður fyrir árið 2008.

Rekstrarreikningur 2008 (þús. USD)	2008	% af sölu	2007	% af sölu	Breyting
Sala	350.017	100,0%	335.609	100,0%	4,3%
Kostnaðarverð seldra vara	(143.663)	-41,0%	(146.754)	-43,7%	-2,1%
Framlegð	206.354	59,0%	188.855	56,3%	9,3%
Aðrar rekstrartekjur	9.433	2,7%	12.033	3,6%	-21,6%
Sölu- og markaðskostnaður	(89.963)	-25,7%	(85.152)	-25,4%	5,6%
Þróunarkostnaður	(20.930)	-6,0%	(19.887)	-5,9%	5,2%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(48.936)	-14,0%	(56.132)	-16,7%	-12,8%
Rekstrarhagnaður	55.958	16,0%	39.716	11,8%	40,9%
Fjármunatekjur	864	0,2%	10.590	3,2%	-91,8%
Fjármagnsgjöld	(18.589)	-5,3%	(42.253)	-12,6%	-56,0%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	38.233	10,9%	8.053	2,4%	374,8%
Tekjuskattur	(9.745)	-2,8%	(473)	-0,1%	1960,3%
Hagnaður tímabilsins	28.488	8,1%	7.580	2,3%	275,8%
EBITDA	79.440	22,7%	64.392	19,2%	23,4%
EBITDA leiðrétt*	72.636	20,8%	58.424	17,4%	24,3%

* leiðrétt fyrir einskiptistekjum og einskiptiskostnaði.

Rekstrarreikningur 2008

Sala ársins var 350,0 milljónir Bandaríkjadala og var söluaukningin 4%, samanborið við árið 2007. Jákvæð gengisáhrif námu 6,5 milljónum Bandaríkjadala. Mikilvægt áhersluatriði á árinu var að auka arðsemi og vöruhagræði í vörulínu fyrirtækisins í spelkum og stuðningsvörum. Sala á spelkum og stuðningsvörum hjá Össur Americas var undir áætlunum yfir árið í heild og tímabundin truflun á sölu á spelkum hjá EMEA, vegna Gibaud og vegna breytinga á sölukerfi, hafði neikvæð áhrif á heildarsölu félagsins á árinu 2008.

Framlegð var 206,4 milljónir Bandaríkjadala samanborið við 188,9 milljónir árið 2007, sem er 9% aukning. Nettó jákvæð gengisáhrif nema 9,0 milljónum Bandaríkjadala. Að undanskildum gengisáhrifum, eykst framlegðarhlutfallið um 1 prósentustig. Aukin afköst, breytt vörusamsetning og hagræði vegna úthýsingar á framleiðslu hafa áhrif á aukninguna.

Aðrar rekstrartekjur námu 9,4 milljónum Bandaríkjadala. Undir liðnum aðrar rekstrartekjur eru 8,4 milljónir dala vegna sölnnar á sáraumbúðavörulínu félagsins fyrr á árinu. Einskiptistekjur 2007 voru vegna sölu á kauprétti á höfuðstöðvum félagsins í Reykjavík sem og eingreiðsla vegna málaferla, samtals að fjárhæð 10,9 milljónir dala.

Kostnaðarliðir sem hlutfall af sölu voru 46% samanborið við 48% árið 2007. Að frátöldum gengisáhrifum og einskiptiskostnaði árið 2007, helst rekstrarkostnaður sem hlutfall af sölu óbreyttur milli ára.

Rekstrarhagnaður nam 56,0 milljónum Bandaríkjadala, sem er 16% af sölu, samanborið við 39,7 milljónir og 12% af sölu árið 2007 sem er aukning um 41%. Að frátöldum gengisáhrifum og óvenjulegum liðum árið 2007, eykst rekstrarhagnaðurinn um 15%.

Afskriftir óefnislegra eigna vegna fyrirtækjakaupa námu 14,8 milljónum Bandaríkjadala samanborið við 15,6 milljónir dala árið 2007. Afskriftir í kjölfar fyrirtækjakaupa á liðnum árum eru í samræmi við reikningsskilastaðla og hafa áhrif á rekstrarreikning þó svo að undirliggjandi eignir geti haldið verðgildi sínu. Gert er ráð fyrir að afskriftir óefnislegra eigna muni fara lækkandi frá og með árinu 2009.

Kostnaðarliður	2008 Þús. USD	% af sölu	2007 Þús. USD	% af sölu
Kostnaðarverð seldra vara	70	0%	456	0,1%
Sölu- og markaðskostnaður	7.778	2,2%	7.258	2,2%
Þróunarkostnaður	4.091	1,2%	4.418	1,3%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2.816	0,8%	3.515	1,0%
Áhrif á rekstrarhagnað	14.755	4,2%	15.647	4,6%

Nettó fjármagnsgjöld árið 2008 námu 17,7 milljónum Bandaríkjadala, samanborið við 31,7 milljónir dala árið 2007 og dragast því saman um 13,9 milljónir Bandaríkjadala. Í október 2007 var hlutafé félagsins aukið með útboði til fagfjórðings. Afrakstur útboðsins var nýttur til þess að greiða niður brúarlán félagsins og lækka þannig skuldetninguna. Gengisáhrif evru gagnvart Bandaríkjadala hafa einnig áhrif á lækkunina. Neikvæð gengisáhrif lækka úr 16,5 milljónum dala árið 2007 í 300 þúsund dali árið 2008. Hagnaður af framvirkum gjaldmiðlasamningum nam 640 þúsund Bandaríkjadöllum, samanborið við 8,7 milljónir dala árið 2007.

Össur hefur vaxtaskiptasamning sem festir vaxtaþrósentu á hluta af langtímalánum félagsins. Föst vegin vaxtaþrósentu út lántímabilið er 5,99% á ári. Í kjölfar hruns Kaupþings banka í október 2008 ríkir óvissa um vaxtaskiptasamning félagsins. Þá hafa almennar lækkanir á markaðsvöxtum leitt til þess að markaðsvirði samningsins hefur fallið umtalsvert og var það neikvætt sem nemur 9,5 milljónum dala í árslok. Breytingar á markaðsvirði samningsins að frádregnum skatti eru færðar yfir eigið fé í reikningum félagsins.

Tekjuskattur nam 9,7 milljónum Bandaríkjadala sem er 25% virkt skatthlutfall samanborið við 6% virkt skatthlutfall árið 2007. Tekjuskattur árið 2007 var óvenju lítill vegna skattafrádráttar vegna taps í Norður-Ameríku og skattafrádráttar í tengslum við innri fjármögnun dótturfélaga. Auk þess hefur niðurfærsla á tekjuskattsinneign vegna lækkunar á skattaþrósentu á Íslandi og í Þýskalandi áhrif á þessa hækkun. Gert er ráð fyrir að skatthlutfallið muni haldast svipað árið 2009.

Hagnaður tímabilsins nam 28,5 milljónum Bandaríkjadala, samanborið við 7,6 milljónir Bandaríkjadala árið 2007.

EBITDA jókst um 23% samanborið við árið 2007 og var 79,4 milljónir dala og 23% af sölu samanborið við 64,4 milljónir dala og 19% af sölu árið 2007. EBITDA, leiðrétt fyrir einskiptistekjum og kostnaði nam 73,6 milljónum dala og 21% af sölu, samanborið við 58,4 milljónir Bandaríkjadala og 17% árið 2007.

Leiðréttingar v/EBITDA, milljónir dala	2008	2007
Kostnaðarverð seldra vara/ uppfærsla á birgðum		-1,4
Aðrar tekjur/ Sala á WC, kaupréttur v/höfuðstöðva félagsins, eingreiðsla vegna málaferla	8,4	10,9
Rekstrarkostnaður/ starfslokagreiðslur, lögfræðikostnaður, ráðgjafar	-1,6	-3,6
Samtals	6,8	5,9

Vöruflokkar

Skipting sölu milli vöruflokka var þessi:

USD '000	2008	% af sölu	vöxtur í USD	vöxtur í staðb.mynt
Stuðningsvörur	181.506	51%	1%	-1%
Stoðtæki	143.143	41%	9%	6%
Blóðrásarmeðferðir	20.082	6%	5%	-2%
Annað	5.286	2%	7%	7%
Samtals	350.017	100%	4%	2%

Söluvöxtur í spelkum og stuðningsvörum var 1%. Sala mæld í staðbundinni mynt dróst saman um 1%. Sala á spelkum og stuðningsvörum í Ameríku hefur verið undir markmiðum allt árið og dregur niður heildarvöxt vöruflöksins. Endurskipulagning á sölukerfinu í Bandaríkjunum hefur ekki skilað tilætluðum árangri og á árinu 2009 verður kerfið einfaldað og gert skilvirkara. Sala á spelkum hjá EMEA, að Gibaud undanskildu, var í takt við vöxt markaðarins.

Á árinu voru sex nýjar vörur og vörunýjungar kynntar á markaðnum, þar á meðal Exoform Dorsal Night Splint, spelka sem er meðal annars notuð til meðferðar á bólgu og Gameday sem er notuð við meiðsli á ökkla.

Sala á stoðtækjum jókst um 9%. Söluvöxtur í staðbundinni mynt var 6%. Sjö nýjar vörur voru kynntar á markaðnum á árinu. Meðal nýrra vara voru Iceross Seal-In X5 hulsan og Flex-Foot Assure. Flex-Foot Assure veitir mjúkt og stöðugt göngulag með kraftmiklu viðbragði. Báðar þessar vörur hafa hlotið góðar móttökur.

Fleiri nýjar vörur og vörunýjungar eru væntanlegar árið 2009, þar á meðal ný uppfærsla af Rheo hnénu. Össur hefur náð að festa í sessi Bionic vörulínuna og mun halda áfram að byggja á þessari þekkingu. Í takt við efnahagsástandið í heiminum í dag mun aðaláherslan árið 2009 vera á hefðbundnar vörur sem falla að núverandi endurgreiðslukerfum. Proprio fóturinn hefur ekki verið samþykktur inn í endurgreiðslukerfin, en umsókn liggur fyrir.

Sala á vörum til nota við blóðrásarmeðferðir jókst um 5%. Söluvöxtur, mældur í staðbundinni mynt, dróst saman um 2%. Á síðustu tveimur árum hefur Gibaud byggt upp nýja framleiðslueiningu í Frakklandi fyrir vörur til nota við blóðrásarmeðferðir. Þessi framleiðslueining mun auka arðsemi þessara vara sem og auka tækifæri Gibaud til

vörupróunar. Á árinu 2008 voru nýjar vörur kynntar á markaðnum og eru frekari vörunýjungar væntanlegar. Gert er ráð fyrir að þessar nýjungar muni skila jákvæðum áhrifum árið 2009.

Vinna við að samræma vörulínur heldur áfram og var hætt að framleiða tuttugu vörur árið 2008.

Markaðssvæði

Dreifing sölu eftir markaðssvæðum var sem hér segir:

USD '000	2008	% af sölu	Vöxtur USD	Vöxtur í staðb. mynt
Ameríka	163.204	46%	1%	1%
EMEA	173.858	50%	7%	2%
Asía	12.955	4%	25%	24%
Samtals	350.017	100%	4%	3%

Ameríka

Söluvöxtur Össur Americas var 1%. Sala á spelkum og stuðningsvörum dróst saman um 1% sem hefur áhrif á heildarvöxt þessa markaðssvæðis. Salan á spelkum og stuðningsvörum á þessum markaði hefur verið krefjandi, en breytingar á sölukerfinu hafa enn ekki skilað tilætluðum árangri. Sölukerfið mun verða einfaldað og gert skilvirkara árið 2009. Gert er ráð fyrir að breytingar á stjórnendum sem og söluaðferðum muni skila jákvæðum áhrifum árið 2009.

Salan í Ameríku nam 46% af heildarsölunni, samanborið við 48% árið 2007.

Evrópa, Mið austurlönd og Afríka (EMEA)

Söluaukningin í Evrópu, Mið austurlöndum og Afríku var 7% og 2% mælt í staðbundinni mynt. Á árinu hefur gengispróun haft töluverð áhrif á rekstrarniðurstöður EMEA. Öll félögin innan EMEA, að Gibaud undanskildu, náðu vaxtarmarkmiðum sínum mælt í viðkomandi mynt. Á þessu ári hefur EMEA lagt aukna áherslu á að selja beint í stað þess að selja í gegnum dreifiaðila. Þetta hefur tímabundið neikvæð áhrif á söluvöxt en eykur arðsemi. Söluvöxtur EMEA, að undanskilinni sölu til dreifiaðila og Gibaud var 7%, mælt í staðbundinni mynt. Flutningur á sölu frá dreifiaðilum yfir í beina sölu mun minnka árekstra í sölukerfinu og er gert ráð fyrir að það muni flýta fyrir vexti árið 2009.

Arðsemi Gibaud er í takt við upphaflega áætlun. Þegar félagið var keypt var tilkynnt að það myndi verða rekið sem sjálfstæð eining og ekki samræmt að fullu rekstri Össurar fyrstu 18-24 mánuðina. Fyrsti áfangi innleiðingarinnar hefur átt sér stað síðustu tvö ár, þar sem áhersla hefur verið lögð á að auka arðsemi og jafna sveiflur í rekstrinum. Í kjölfarið á þessu tímabili hefur það markmið náðst og eru stjórnendur fullvissir um að tekist hafi að skapa grunn fyrir framtíðarvöxt.

Sala Össur EMEA nam 50% af heildarsölunni, samanborið við 49% árið 2007.

Asía

Asía heldur áfram að sýna framúrskarandi vöxt. Söluaukning í Asíu var 25%, mælt í Bandaríkjadöllum og 24% mælt í staðbundinni mynt. Frá því að Össur Asia var stofnað árið 2006 hefur það sýnt mjög góðan árangur.

Sala í Asíu nam 4% af heildarsölunni, sem er óbreytt frá 2007.

Efnahagsreikningur

Efnahagsreikningur (Þús. USD)	31. des. 2008	31. des. 2007	% Breyting
Fastafjármunir	458.046	503.564	-9%
Veltufjármunir	145.732	132.257	10%
Eignir samtals	603.778	635.821	-5%
Eigið fé	249.648	250.282	0%
Langtímaskuldir	222.036	239.361	-7%
Skammtímaskuldir	132.094	146.178	-10%
Eigið fé og skuldir samtals	603.778	635.821	-5%
Veltufjárhlutfall	1,1	0,9	
Eiginfjárhlutfall	41%	39%	
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA	2,9	4,4	

Eiginfjárhlutfall í lok fjórðungsins var 41%, samanborið við 39% í árslok 2007. Eins og kemur fram hér að ofan þá ríkir óvissa um vaxtaskiptasamning félagsins. Markaðsvirði samningsins í árslok 2007 var jákvætt sem nemur 552 þúsundum og í árslok 2008 var markaðsvirðið neikvætt sem nemur 9,5 milljónum dala. Breytingar á markaðsvirði samningsins að frádregnum skatti eru færðar sem hagnaður eða tap yfir eigin fé í reikningum félagsins. Þetta hefur áhrif á eiginfjárhlutfallið í árslok sem nemur 1,4 prósentustigum.

Nettó vaxtaberandi skuldir á móti EBITDA síðustu 12 mánuði voru 2,9x EBITDA í lok ársins. Fjárhagslegur styrkur Össurar er góður og í takt við stefnu félagsins. Lækkun á eignum er vegna gengisáhrifa evru á móti dollar.

Nýi Kaupþing banki hefur formlega samþykkt endurfjármögnun á brúarláni félagsins sem tekið var í desember 2006 til fjármögnunar á kaupnum á Gibaud. Lánið nam 37,4 milljónum evra í árslok. Endurfjármögnunin tryggir fjármögnun félagsins ásamt endurskoðuðu vaxtaálagi. Nýja vaxtaálagið verður breytilegt og fer eftir hlutfallinu heildarskuldir/EBITDA hjá félaginu. Gert er ráð fyrir að þessar breytingar leiði til um 1,5% hækkunar á vaxtaálagi langtímalána árið 2009. Endurfjármögnunin er háð endanlegri skjalagerð.

Fjárhagslegur styrkur Össurar er góður og nam handbært fé í lok ársins 30 milljónum dala. Í árslok var dregið á creditlínu félagsins sem nemur 7,6 milljónum dala og var nettó staðan því 22,4 milljónir Bandaríkjadala.

Sjóðstreymi

Sjóðstreymi (þús. USD)	2008	% af sölu	2007	% af sölu
Handbært fé frá rekstri	58.070	17%	43.991	13%
Hreint veltufé frá rekstri	52.835	15%	45.701	14%

Handbært fé frá rekstri jókst um 32% og hreint veltufé frá rekstri um 16% milli ára. Fjárfestingar í fastafjármunum námu 7,8 milljónum Bandaríkjadala sem jafngildir 2,2% af sölu samanborið við 7,1 milljón og 2,1% af sölu árið 2007.

Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut	2008	2007	Breyting
Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupréttar (bandarísk sent)	6,73	1,94	247%
Hagnaður að viðbættum afskriftum á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttar (bandarísk sent)	12,29	8,24	49%

Samanburður fimm ársfjórðunga

Samanburður sl. fimm ársfjórðunga (þús. USD)	Q4 2008	Q3 2008	Q2 2008	Q1 2007	Q4 2007
Sala	80.118	87.264	92.881	89.754	84.870
Framlegð	47.165	51.765	54.247	53.177	46.227
Rekstrarhagnaður	10.815	15.358	12.744	17.041	16.157
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld)	(5.969)	2.382	(5.095)	(9.043)	(8.445)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	4.846	17.740	7.649	7.998	7.712
Hagnaður tímabilsins	4.171	13.689	3.944	6.684	6.648
EBITDA	16.328	21.128	19.040	22.950	22.732
EBITDA leiðrétt*	16.847	19.112	19.040	17.449	13.474
Framlegð sem hlutfall af sölu	59%	59%	58%	59%	54%
EBITDA sem hlutfall af sölu	20%	24%	21%	26%	27%
EBITDA leiðrétt* sem hlutfall af sölu	21%	22%	21%	19%	16%
Eigið fé	249.648	264.383	268.931	259.336	250.282
Heildareignir	603.778	614.944	645.924	651.358	635.821
Veltufjárhlutfall	1,1	1,1	1,1	0,6	0,9
Eiginfjárhlutfall	41%	43%	42%	40%	39%
Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA s.l. 12 mán.	2,9	3,2	3,5	3,6	4,4
Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA s.l. 12 mán. leiðrétt*	3,3	3,7	4,3	4,4	4,8

Veltufé frá rekstri	7.877	17.336	13.352	19.505	31.180
Handbært fé frá rekstri	19.372	11.809	7.376	14.278	19.982
Hagnaður á hlut (bandarísk sent)	0,99	3,24	0,93	1,58	1,62
Hagnaður á hlut að viðbættum afskriftum (bandarísk sent)	2,29	4,60	2,42	2,98	3,22
Verð á hlut í lok tímabils (ISK)	99,8	93,8	93,4	92,7	98,5
Markaðsvirði í lok tímabils í milljónum dala	349	391	498	511	731

*Leiðrétt fyrir einskiptiskostnaði og einskiptistekjum

Helstu niðurstöður fyrir fjórða ársfjórðung 2008

- Sala var 80,1 milljónir Bandaríkjadala, dróst saman um 6%.
- Engar einskiptistekjur voru á fjórðungnum samanborið við 10,9 milljónir dala á sama tímabili árið 2007.
- EBITDA var 16,3 milljónir Bandaríkjadala, dróst saman um 28%.
- EBITDA hlutfall var 20%, samanborið við 27% á sama tímabili árið 2007.
- Hagnaður tímabilsins var 4,2 milljónir Bandaríkjadala, samanborið við 6,6 milljónir dala á sama tímabili árið 2007.
- Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupréttar var 0,99 bandarísk sent, samanborið við 1,70 sent á sama tímabili í fyrra.
- Hagnaður að viðbættum afskriftum á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttar var 2,29 bandarísk sent, samanborið við 3,38 sent á sama tímabili í fyrra.

Rekstrarreikningur fyrir fjórða ársfjórðung 2008

Rekstrarreikningur fjórði ársfjórðungur 2008 (þús. USD)	Okt.-des. 2008	% af sölu	Okt.-des. 2007	% af sölu	Breyting
Sala	80.118	100,0%	84.870	100,0%	-5,6%
Kostnaðarverð seldra vara	(32.953)	-41,1%	(38.643)	-45,5%	-14,7%
Framlegð	47.165	58,9%	46.227	54,5%	2,0%
Aðrar rekstrartekjur	(49)	-0,1%	11.205	13,2%	-100,4%
Sölu- og markaðskostnaður	(21.017)	-26,2%	(21.150)	-24,9%	-0,6%
Þróunarkostnaður	(5.027)	-6,3%	(5.180)	-6,1%	-3,0%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(10.257)	-12,8%	(14.945)	-17,6%	-31,4%
Rekstrarhagnaður	10.815	13,5%	16.157	19,0%	-33,1%
Fjármunatekjur	639	0,8%	4.751	5,6%	-86,6%
Fjármagnsgjöld	(6.608)	8,2%	(13.196)	-15,5%	-49,9%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	4.846	6,0%	7.712	9,1%	-37,2%
	(675)	-0,8%	(1.064)	-1,3%	-36,6%
Tekjuskattur					
Hagnaður tímabilsins	4.171	5,2%	6.648	7,8%	-37,3%
EBITDA	16.328	20,4%	22.732	26,8%	-28,2%
EBITDA leiðrétt*	16.851	21,0%	13.474	15,9%	25,1%

Salan á fjórða ársfjórðungi var 80 milljónir Bandaríkjadala og dregst saman um 6% samanborið við fjórða ársfjórðung árið 2007. Söluaukning, mæld í staðbundinni mynt, var 1%. Neikvæð gengisáhrif á sölu námu 6 milljónum Bandaríkjadala. Sala í Ameríku hefur verið slök á þessu ári og var söluvöxtur á fjórða fjórðungi 2%. Söluvöxtur EMEA, að Gibaud undanskildu var 1% mælt í staðbundinni mynt. Söluaukning í Asíu var 38% á fjórðungnum, mælt í staðbundinni mynt.

Framlegð var 47,2 milljónir Bandaríkjadala samanborið við 46,2 milljónir dala á fjórða fjórðungi árið 2007 og eykst framlegðarhlutfallið um 4,4 prósentustig. Heildargengisáhrif voru neikvæð sem nema 1,0 milljón dala. Að undanskildum gengisáhrifum jókst framlegðin um 1,5 prósentustig. Aukin afköst, breytt vörusamsetning og hagræði vegna úthýsingar á framleiðslu, hefur jákvæð áhrif á þennan lið.

Á fjórða fjórðungi voru engar einskiptistekjur samanborið við fjórða fjórðung 2007 þar sem einskiptistekjur námu 11,2 milljónum Bandaríkjadala. Einskiptistekjur á fjórðungnum árið 2007 voru að mestu vegna sölu á kauprétti á höfuðstöðvum félagsins og eingreiðslu vegna málaferla, samtals 10,9 milljónir dala.

Rekstrarkostnaður sem hlutfall af sölu var 45% samanborið við 49% á sama tímabili árið 2007. Að undanskildum jákvæðum gengisáhrifum á fjórðungnum árið 2008 og einskiptiskostnaði á fjórða fjórðungi árið 2007 sem nam 1,7 milljónum Bandaríkjadala, lækkar hlutfall rekstrarkostnaðar lítillega.

Rekstrarhagnaður nam 10,8 milljónum Bandaríkjadala, sem er 14% af sölu, samanborið við 16,2 milljónir og 19% af sölu á sama tímabili í fyrra og dregst saman um 33%. Að undanskildum einskiptistekjum á fjórða fjórðungi ársins 2007 og gengisáhrifa á fjórða fjórðungi ársins 2008, eykst rekstrarhagnaður milli ára um 18%.

Nettó fjármagnsgjöld á fjórða ársfjórðungi námu 5,9 milljónum Bandaríkjadala samanborið við 8,4 milljónir á sama tímabili árið 2007 og dragast saman um 29% vegna minni skuldsetningar og gengisáhrifa.

Hagnaður tímabilsins nam 4,2 milljónum Bandaríkjadala, samanborið við 6,6 milljónir dala á sama tímabili 2007. Við samanburð verður að taka tillit til einskiptistekna árið 2007, sem voru óvenju miklar.

EBITDA nam 16,3 milljónum dala og var 20% af sölu samanborið við 22,7 milljónir dala og 27% af sölu á fjórða ársfjórðungi árið 2007. EBITDA leiðrétt fyrir einskiptiskostnaði og einskiptistekjum nam 16,9 milljónum dala og 21% af sölu samanborið við 13,5 milljónir dala og 16% á sama tímabili í fyrra.

Leiðréttingar v/EBITDA, milljónir dala	Q4 2008	Q4 2007
Aðrar tekjur/ kaupréttur v/ höfuðstöðva félagsins og eingreiðsla vegna málaferla		10,9
Rekstrarkostnaður/ starfslokagreiðslur, lögfræðikostnaður	-0,5	-1,7
Samtals	-0,5	9,2

Skipting á tekjum og kostnaði eftir myntum árið 2008

Vegna óvenjulegs ástands á fjármálamörkuðum fer Fjármálaeftirlitið fram á að félög geri grein fyrir áhrifum íslenskrar krónu á rekstur félagsins. Hér að neðan er tafla sem sýnir skiptingu milli helstu mynta.

Mynt	Tekjur	Gjöld
USD	50,8%	42,2%
EUR	33,3%	23,8%
ISK	0,5%	8,9%
Aðrar Evrópumyntir	15,4%	26,1%

Breyting á skilgreiningu á bókun á flutningskostnaði

Stjórnendur hafa ákveðið að breyta skilgreiningu er varðar bókun á flutningskostnaði til viðskiptavina. Flutningskostnaðurinn verður framvegis skilgreindur sem sölu- og markaðskostnaður í stað sölu og/eða kostnaðarverðs seldra vara eins og áður hefur verið gert. Þessar breytingar eru gerðar til að tengja ábyrgð sölufólks á sölu og kostnaði henni tengdri og til að auka skilvirkni. Þessi breyting mun ekki hafa áhrif á EBITDA. Þessi aðferð er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), en staðlarnir heimila þessar tvær mismunandi aðferðir.

Í töflunni hér að neðan hefur rekstrarreikningum verið breytt með tilliti til breytingarinnar á skilgreiningunni.

Rekstrarreikningur 2008 (þús. USD)	2008	% af sölu	Breyting	2008 breytt	% af sölu
Sala	350.017	100,0%	-3.182	346.835	100,0%
Kostnaðarverð seldra vara	(143.663)	-41,0%	11.031	(132.632)	-38,2%
Framlegð	206.354	59,0%	7.849	214.203	61,8%
Aðrar rekstrartekjur	9.433	2,7%		9.433	2,7%
Sölu- og markaðskostnaður	(89.963)	-25,7%	-7.849	(97.812)	-28,2%
Þróunarkostnaður	(20.930)	-6,0%		(20.930)	-6,0%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(48.936)	-14,0%		(48.936)	-14,1%
	55.958	16,0%		55.958	16,1%
Rekstrarhagnaður					
Fjármunatekjur	864	0,2%		864	0,2%
Fjármagnsgjöld	(18.589)	-5,3%		(18.589)	-5,3%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	38.233	10,9%		38.233	11,0%
Tekjuskattur	(9.745)	-2,8%		(9.745)	-2,8%
Hagnaður tímabilsins	28.488	8,1%		28.488	8,2%
EBITDA	79.443	22,7%		79.443	22,9%
EBITDA leiðrétt*	72.636	20,8%		72.636	20,8%

* leiðrétt fyrir einskiptistekjum og einskiptiskostnaði.

Rekstrarhorfur

Fyrirtækið mun halda áfram að sýna arðsemi og sterkt sjóðsstreymi. Efnahagsreikningur félagsins er sterkur og traust langtímafjármögnun gerir félagið vel í stakk búið til þess að takast á við niðursveiflu sem gæti varað í nokkurn tíma.

Óvissa vegna efnahagsástandsins í heiminum í dag og óvenju miklar sveiflur á gjaldmiðlum gera það að verkum að erfitt er að spá fyrir um afkomu félagsins fyrir 2009. Miðað við að núverandi efnahagsþrengingar hafi takmörkuð áhrif á markaði félagsins, gera stjórnendur ráð fyrir vægum vexti í staðbundinni mynt og að EBITDA verði á svipuðu bili og 2008.

Sterk staða félagsins á markaðnum, innviðir og fjárhagslegur styrkur gerir fyrirtækið vel í stakk búið til þess að nýta sér hugsanleg tækifæri sem gætu skapast við þessar aðstæður.

Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur fyrir árið 2008 fyrir félagssamstæðu Össurar hf. var samþykktur á stjórnarfund 4. febrúar 2009. Ársreikningurinn, sem gerður er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards), hefur verið endurskoðaður af endurskoðendum félagsins og áritaður án athugasemda.

Samkvæmt reikningsskilareglum miðast umreikningur rekstrarliða milli gjaldmiðla við meðalgengi rekstrartímabils. Við umreikning efnahagsliða er notað gengi í lok ársfjórðungsins.

Aðalfundur 20. febrúar 2009

Aðalfundur Össurar verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Grjóthálsi 5, föstudaginn 20. febrúar kl. 8:30.

Eftirfarandi dagsetningar sýna áætlaða birtingu uppgjöra fyrir árið 2009:

Viðburður	Dagsetning
1. fjórðungur	27. apríl 2009
2. fjórðungur	27. júlí 2009
3. fjórðungur	26. október 2009
4. fjórðungur	3. febrúar 2010

15 stærstu hluthafar í Össuri hf. þann 31. desember 2008

Name		Shares	Percentage
William Demant Invest A/S	Investment Fund	145,252,402	34.34
Eyrir Invest ehf	Investment Company	84,440,215	19.96
Mallard Holding S.A.	Founder & family	37,526,769	8.87
Vik Investment Holding S.a.r.L.	President & CEO	24,446,907	5.78
ATP-Arbejdsmarkedets	Pension Fund	14,660,194	3.47
Gildi-lífeyrissjóður	Pension Fund	13,224,891	3.13
Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	Pension Fund	9,500,000	2.25
Lífeyrissjóður verslunarmanna	Pension Fund	7,870,283	1.86
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	Pension Fund	7,764,176	1.84
Arion safnreikningur	Custody Bank	5,432,516	1.28
Fjárfestingasjóður Ís-15	Investment Fund	4,646,886	1.10
BYR sparisjóður	Bank	4,414,864	1.04
Stafir lífeyrissjóður	Pension Fund	3,842,469	0.91
Mycenaeon Holding S.a.r.L.	VP of R&D	3,560,347	0.84
Nýi Landsbanki Íslands hf	Bank	3,317,580	0.78
Top 15 shareholders		369,900,499	87.45
Others		53,099,501	12.55
Total number of shares		423,000,000	100.00

Nánari upplýsingar

Jón Sigurðsson, forstjóri sími: 515-1300
Hjörleifur Pálsson, fjármálastjóri sími: 515-1300
Sigurborg Arnarsdóttir, fjárfestatengill sími: 515-1300

Fréttatilkynningar frá Össuri sendar með tölvupósti

Ef óskað er eftir því að fá fréttatilkynningar frá Össuri sendar með tölvupósti, er hægt að skrá sig á eftirfarandi síðu: <http://www.ossur.com/investormailings>

Ef ósamræmi er milli ensku og íslensku fréttarinnar, gildir enska útgáfan.